

## SAMÞYKKT

### um fráveitu í Stykkishólmsbæ.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Stykkishólmsbæ eins og hún er skilgreind í 3. tl. 3. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Kröfur um söfnun, hreinsun og losun frárennslis byggjast á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð, nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

##### 2. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að:

1. afmarka skyldur sveitarfélagsins hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
2. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennslis valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
3. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
4. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

##### 3. gr.

Stykkishólmsbær ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu og rekstri þeirra í þéttbýli í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveita Stykkishólmsbæjar er rekin sem B-hluta fyrirtæki, með sjálfstæðan fjárhag, í eigu sveitarfélagsins. Rekstur hennar og framkvæmdir eru kostaðar af eigin tekjum af fráveitu- og tengigjöldum eða lántökum eftir því sem bæjarstjórn ákveður á fjárhagsáætlun.

Tæknideild Stykkishólmsbæjar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur heilbrigðisnefnd Vesturlands eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og hefur eftirlit með fráveitu í Stykkishólmsbæ í samræmi við reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

##### 4. gr.

Fráveita Stykkishólmsbæjar veitir frárennslis um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka. Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Fráveita Stykkishólmsbæjar á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufrárási að frárásum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar, þrýstilagnir, hreinsistöðvar og settjarnir ásamt hverfisrotpróm og viðeigandi siturlögnum og sandsfúm.

##### 5. gr.

Þar sem fráveita Stykkishólmsbæjar nær til skal húseigendum séð fyrir götufrárási frá götuholræsi að heimæð húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögnum. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað frárennslislögn frá húseignum sínum og tengja hana við fráveituna. Þegar lögd er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu.

Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

## II. KAFLI

### Fráveitur.

#### 7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennislögn húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi á eigin kostnað leiða frárennslu frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði sem dælir fráveiturennslinu frá honum í fráveitu sveitarfélagsins.

#### 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseignar við fráveitu sveitarfélagsins eða veita frárennslu frá þeim um rotþró með siturlögn eða önnur stök hreinsivirki skal tengja frárennislagnir við veitukerfið í samræmi við samþykktu uppdrætti og gildandi byggingarreglugerð.

#### 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma. Á afstöðumynd skal sýna staðsetningu mengunarvarnabúnaðar vegna iðnaðarskólps, sbr. 12. gr.

#### 10. gr.

Tæknideild sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar á ábyrgð byggingarstjóra/pípulagningameistara samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða stök hreinsivirki, svo sem rotþrær með siturlögn.

#### 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd, einnig að fram geti farið á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

#### 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki og stuðla að réttri virkni rotþróa, siturlagna og mengunarvarnabúnaðar þar sem það á við. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni svo sem olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Þar er t.d. átt við lífrænan úrgang frá húsdýrum, ómeðhöndlað iðnaðarskólp og hvers konar ólífrænan úrgang. Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað í samræmi við markmið í lið C í viðauka I í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Hitastig iðnaðarskólps skal ekki vera yfir 45°C og sýrustig ekki undir pH 5 miðað við 10 mínútna mælingu. Þegar hætta er á að fita geti borist í fráveitulagnir skal tengja fitugildru við fráveitulagnir. Stærð og gerð fitugildru skal valin í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

#### 13. gr.

Þar sem hætta er á að frárennslu frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennislagnir frá húseignum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur innan sinna lóða koma fyrir einstremislökum á fráveitulögn eða sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## III. KAFLI

**Stök/minni hreinsivirki.**

## 14. gr.

Fráveitu sérhverrar húseignar í Stykkishólmsbæ, sem ekki er unnt að tengja við fráveitu sveitarfélagsins, skal leiða gegnum tveggja þrepa hreinsun. Það er hægt að gera með rotþró og siturlögn eða með öðrum hætti sem skilar sambærilegri hreinsun. Frárennsli skal hreinsa samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða leiða í safntank. Stærð og staðsetning hreinsibúnaðar er háð samþykki og úttekt byggingarfulltrúa.

Stakt hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, safntankur, og lagnir eru eign húseiganda sem kostar niðursetningu og annan frágang svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

Umsókn um að fá að nota stakt hreinsivirki, svo sem rotþró eða safntank skal senda tæknideild Stykkishólmsbæjar. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Byggingarfulltrúi leitar eftir umsögn heilbrigðisnefndar.

## 15. gr.

Rotþrær skulu uppfylla kröfur og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um stærð og siturlagnir og vera samþykktar af heilbrigðisnefnd.

Hreinsivirki önnur en rotþrær, sem geta hreinsað fráveituvatn jafnvel eða betur en rotþrær og siturlagnir, skulu samþykktar af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, eftir því sem við á.

Stöku hreinsivirki, þ.m.t. rotþró, skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að því með tæki til hreinsunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum Stykkishólmsbæjar og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

Rotþró skal að jafnaði ekki staðsetja nær húseign en sem nemur tíu metrum. Sama gildir um fjarlægð rotþróar að nærliggjandi lóðarmörkum. Sé þörf á að hafa rotþró nær skal lofta hana með lögnum sem ná upp fyrir mæni húss. Verði rotþró og situr- eða sandsíulögn ekki komið niður innan lóðar viðkomandi húseignar skal leita samþykkis lóðarhafa aðliggjandi lóðar um að leggja mannvirkin þar.

## 16. gr.

Lagnir tengdar rotþró skulu lagðar í frostfría jörð. Að öðru leyti fer um stærð og frágang rotþróa samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar eins og þær eru á hverjum tíma.

## 17. gr.

Í rotþró skal leiða skólp, baðvatn og þvottavatn úr öllum niðurföllum innanhúss. Ekki skal leiða afrennsli frá ofnum eða afbræðslukerfum í rotþró nema með samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands. Ekki skal leiða þakvatn og annað yfirborðsvatn í rotþró.

## 18. gr.

Frárennsli frá rotþró skal leitt um siturlögn. Frárennislögn frá rotþró skal hafa vatnshelt útloftunarp. Heilbrigðisnefnd Vesturlands getur leyft að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk, verði öðru ekki við komið, en þó aldrei inni á vatnsverndarsvæðum.

## 19. gr.

Stykkishólmsbær annast hreinsun rotþróa, þ.e. tæmingu og alla meðhöndlun seyru, frá samþykktu íbúðarhúsnæði í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verksins. Eingöngu aðilar með starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega tæma rotþrær og önnur hreinsivirki og meðhöndla seyru.

## 20. gr.

Stök hreinsivirki eins og rotþrær skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar að jafnaði annað hvert ár. Rotþróarseyru skal meðhöndla á viðurkenndan hátt.

Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé fyrir hreinsitæki að stökum hreinsivirkjum þ.m.t. rotþróum. Eigendur húseigna í Stykkishólmsbæ sem ekki falla undir 19. gr. og eru tengdir við stök hreinsivirki, svo sem rotþrær, eru sjálfir ábyrgir fyrir reglubundinni tæmingu og hreinsun rotþróa sinna. Aðeins aðilar með starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega tæma rotþrær og önnur hreinsivirki og meðhöndla seyru. Eigendur skulu tryggja að við notkun hreinsivirkisins verði ekki mengun í nágrenni þess.

## IV. KAFLI

**Fráveitu- og tengigjald.**

## 21. gr.

Stykkishólmsbæ er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

## 22. gr.

Af þeim fasteignum í Stykkishólmsbæ sem tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald, sbr. 14. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við rekstur fráveitu sveitarfélagsins.

## 23. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds má vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, eða miðast við rúmmál mannvirkja á fasteign, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

## 24. gr.

Fráveitugjald greiðist af þinglýstum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö ár frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 25. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er heimilt að setja gjaldskrá á grundvelli samþykktar þessarar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Vesturlands til að standa undir kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa og öðrum minni hreinsivirkjum, söfnun og meðhöndlun seyru á vegum bæjarfélagsins. Heildargjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## 26. gr.

Fyrirtæki sem eru með starfsleyfi þar sem gerð er krafa um sérstaka hreinsun greiða ekki gjöld skv. 25. gr. Hreinsunin skal þá framkvæmd af aðila með starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar

nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Eigandi skal geyma staðfestingu frá hreinsunaraðila um að hreinsun hafi farið fram og skal sýna hana eftirlitsaðila ef eftir því er leitað.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró eða annað hreinsivirki við útihús eða safntank er að ræða eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar tíðni hreinsunar. Stykkishólmsbær annast eingöngu tæmingu rotþróa á deiliskipulögðum íbúðasvæðum og á lögbýlum.

#### V. KAFLI

#### Málsmeðferð og gildistaka.

27. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna tæmingar rotþróa og annarra hreinsivirkja skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við tæknisvið Stykkishólmsbæjar. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann leitað til heilbrigðisnefndar Vesturlands.

28. gr.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð, sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

29. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 298/2001 um fráveitu í Stykkishólmi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2. febrúar 2018.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*